

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2009
UST20091100006/abg

Efni: Þorskeldi Álfshells ehf., allt að 900 tonn á ári, í Skutulsfirði, Norður Ísafjarðarsýslu.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. nóvember sl. þar sem óskað er eftir frekari umsögn stofnunarinnar varðandi svar Álfshells við athugasemdum Umhverfisstofnunar um matsskyldu framangreindrar framkvæmdar, dags 14. nóvember sl.

Í athugasemdum framkvæmdaraðila kom m.a. fram að leiðrétta þyrfti umfjöllun um framleiðslumagn í umsögn Umhverfisstofnunar. Framkvæmdaraðili benti á að framleiðslan væri mun minni en talað er um í skýrslunni en mismunurinn lægi að mestu í að um áframeldi væri að ræða. Framleiðsla ársins 2006 var 147.512 kg, 2007 var framleiðslan 153.556 kg og 2008 var hún 83.560 kg. Benti framkvæmdaraðili á að framleiðslan væri þess vegna langt innan þeirra 200.000 kg sem Álfshell hefur leyfi fyrir. Fyrripart ársins 2008 var gert ráð fyrir aukningu á því ári sem gæti hugsanlega farið nálægt eða yfir leyfismörkin. Þetta var nefnt við starfsmann Umhverfisstofnunar, sem sagði að Umhverfisstofnun myndi ekki taka hart á því ef umsóknarferlið væri hafið og núll sýnin yrðu tekin strax.

Framleiðsla er lífþungaaukning í eldinu. Þessi ruglingur er vegna þess að ólíkt "venjulegu fiskeldi" (aleldi) þar sem seiði eru með lítinn lífmassa í byrjun, en í áframeldi er lífmassinn þegar stór þegar hann er fluttur í eldi en hafður í stuttan tíma. Áframeldisfiskurinn (lífmassinn) var fluttur í kvíarnar í ágúst og farinn í desember og því væri eðlilegt að deila í árið með 3, það er fiskurinn er einungis 1/3 af árinu í kvíunum.

Með tilliti til umhverfis væri líklega betra að nota lífmassa en ársframleiðslu. Til dæmis er sagt í umsögn Umhverfisstofnunar (8.maí 2006) um fiskeldi í Hvalfirði, að reiknað sé með lífmassa allt að 5.500 tonn á einni staðsetningu þó starfsleyfi gildi fyrir 3.000 t.

Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu sem kemur frá Náttúrustofu Vestfjarða vegna þorskeldis Álfshells segir orðrétt í kafla 2.2 um framleiðslu Álfshells

„Ársframleiðsla 2006 var 130 tonn og 2007 var hún 250 tonn. Fyrir 2008 var hún um 560 tonn og

reiknað er með að hún verði svipuð 2009 “.


Vísað er einnig í töflu 3 sem sýnir ársframleiðslu fyrir árin 2006-2008. Sú tafla sýnir kg af fiski sem fangaður er, birgðir fyrra árs í kg, samtals kg af fiski í kvíum og samtals kg af fiski í kvíum margfaldað með lífmassanum 1,5 kg. Seinasti dálkur töflunnar þar sem koma fram upplýsingar um samtals kg af fiski margfaldað með lífmassaukningunni 1,5 sýnir sömu tölur og taldar eru upp fyrir ársframleiðslu þ.e 130.075 kg, 250.014 kg og 566.463 kg. Því er ekki hægt að skilja upplýsingarnar öðruvísi en að ársframleiðslan sé einmitt sú sem kemur fram í skýrslunni. Þær tölur sem að birtast nú í svari Náttúrustofu Vestfjarða og eru teknar hér orðrétt úr þeim texta


„Framleiðsla ársins 2006 er 147.512kg. 2007 er framleiðslan 153.556kg og 2008 er hún 83.560kg “

er hinsvegar hvergi að finna í kynningarskýrslu fyrir þorskeldið.

Umhverfisstofnun tekur undir álit framkvæmdaraðila um það að í umhverfislegu tilliti þá sé rétt að horfa til lífmassa en ekki til ársframleiðslu þar sem að lífmassinn í kvíunum hefur áhrif á það hversu mikil næringarefni fara í kvíarnar og sömuleiðis hversu mikill úrgangur fellur til. Stofnunin vill því benda á að nauðsynlegt er að gera greinargóðar skýrslur og að upplýsingar séu settar fram á réttan og skýran hátt. Þá er nauðsynlegt að fram komi í kynningarskýrslum um fiskeldi hvort um sé að ræða ársframleiðslu til slátrunar eða lífmassa sem er í fiskeldiskvíum. Leitað var til Náttúrustofu Vestfjarða til að fá skýringar á töflu 3 og ársframleiðslutölum sem þar komu fram en viðmælandi þar benti á að taflan hefði verið tekin óbreytt úr ársskýrslu Álfshells. Að mati Umhverfisstofnunar hafa ekki komið fram nýjar upplýsingar sem breyta fyrrgreindu áliti Umhverfisstofnunar um matsskyldu framangreindrar framkvæmdar.

Virðingarfyllst


Adalbjörg Birna
Guttormsdóttir


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri